

Nr. 35/1887.

Rjettvísín  
 gegn  
 Sumarliða Jónssyni.

## D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Barðastrandarsýslu, upp kveðnum 11. desember f. á., er hinn ákærði, Sumarliði bóndi Jónsson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað til að sæta 12 mánaða hegningarvinnu, og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar, þar á meðal 5 kr. sem málsvarnarlaun til svaramanns í hjerði. Þessum dómi hefur verið áfrýjað eptir ósk hins ákærða.

Það er með játningu hins ákærða og öðrum skýrslum málsins nægilega sannað, að hann hafi síðastliðið haust tekið og skorið sauðkind, annars manns eign, er hafði fest sig í urð úti á víðavangi; gjörði hann þetta í því skyni, að hagnýta sjer afurðir kindarinnar, en þær gróf hann í jörð nálægt þar, er hann skar kindina. Eigi vissi hann hver átti kindina, og eigi hefur það orðið upplýst, en skrokkurinn, gæran og mörinn fannst á þeim stað, sem hinn ákærði vísaði til, að hann hefði grafið það niður. Ennfremur hefur hinn ákærði viðurkennt, að hann hafi markað undir mark sitt lamb, er komið hafði í fje hans í hitt eð fyrra haust, og sem honum var óljóst um, hvers eign var, enda hefur það eigi orðið upplýst í málinu; lamb þetta, er hann þó vissi að eigi var hans eign, var síðan skorið á heimili hans og hagnýtt þar. Loksins hefur hinn ákærði kannazt við, að hann hafi án heimildar tekið nokkuð af hrísi, hjer um bil hálf-byrði tveggja manna, er annar maður átti í kesti úti undir beru lopti. Hrísið fór hann með heim til sín og hagnýtti sjer það.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt dómi eða refsingu fyrir nokkurn glæp, heyra undir 231. gr. tölul. 1., 230. gr. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnid, hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhússvinna. Um málskostnað í hjeradi á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Allan kostnað af áfrýjun málsins á hinn ákærði að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeradi og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Sumarliði Jónsson, á að sæta betrunarhússvinnu í 10 mánuði. Um málskostnað í hjeradi á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Allan kostnað af áfrýjun málsins á hinn ákærði að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.